



## LÖG FÉLAGSINS

Lög íþróttafélagsins Undra, samþykkt á stofnundi 24. ágúst 2021.

### 1. grein

Félagið heitir íþróttafélagið Undri. Heimili félagsins er ávallt skráð á sitjandi formann félagsins og varnarþing er í Búðardal, Dalabyggð.

### 2. grein

Tilgangur félagsins er:

Að efla og styrka félagsmenn við íþróttaiðkun, styðja við bak þeirra og vera vettvangur til að þroskast, styrkjast og ná framförum á áhugasviði þeira.

Að auka áhuga á líkamsrækt, hreyfingu og hollu lífernii.

Vinna gegn notkun tóbaks og annarra vímuefna.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með virku og öflugu félagsstarfi, íþróttæfingum og námskeiðum.

### **3. grein**

Allir iökendur og starfsmenn félagsins teljast félagsmenn. Einnig getur hver sá orðið félagi, er sækir skriflega um inngöngu í félagið og gangast vill undir lög þess. Úrsögn úr félagini skal tilkynna skriflega til formanns félagsins, sem jafnframt sér um innheimtu félagsgjálda.

### **4. grein**

Búningur félagsins skal vera háður samþykki stjórnar hverju sinni. Með bláan að aðallit og hvítt með.

### **5. grein**

Merki félagsins er blár þríhyrningur með hvítum bakgrunni og fljúgandi bláum svani fyrir miðju. Fyrir ofan svaninn stendur „*Íþróttafélagið*“ og fyrir neðan hann „*Undri*“. Breytingar á merki félagsins eru háðar samþykki aðalfundar.

## **Stjórnun félagsins**

### **6. grein**

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Allir félagsmenn 16 ára og eldri sem ekki skulda félagsgjöld til félagsins hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.

Aðalfund skal halda fyrir 1. maí ár hvert. Boða skal aðalfund minnst með sjö daga fyrirvara og auglýsa á sem viðtækastan hátt. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Í aðalfundarboði skal kynna dagskrá fundar, fundartíma og fundarstað. Þá skal geta sérstaklega í fundarboði hvenær frestur til að skila inn tillögum að lagabreytingum og framboði til stjórnarsætu rennur út.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- a) Skýrsla stjórnar
- b) Reikningar félagsins
- c) Lagabreytingar
- d) Kjör stjórnar
- e) Önnur mál

Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi félagsins undir dagskráliðnum „lagabreytingar” og þá með fulltingi 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur til breytinga á lögum félagsins, undirritaðar af flutningsmönnum, skulu sendar aðalstjórn félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir boðaðan aðalfund. Sami frestur gildir um tillögur um stjórnarmenn.

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti úrslitum. Kosningar skulu vera skriflegar ef þess er óskað af fundarmönnum. Ef atkvæði standa á jöfnu falla mál niður.

## 7. grein

Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum og alltaf einum til vara. Kosning til stjórnar skal fara þannig fram:

1. a) kosning formanns til eins árs í senn
2. b) kosning meðstjórnenda til tveggja ára.

Allir félagsmenn félagsins sem eru fjárráða geta boðið sig fram til formanns. Tilkynningar um framboð til formanns og meðstjórnenda félagsins skulu berast stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir boðaðan aðalfund.

Formaður er kosinn beinni kosningu á aðalfundi, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Stjórn fer með umboð og vald aðalfundar á milli aðalfunda án heimildar til lagabreytinga.

## 8. grein

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn er ábyrg gagnvart aðalfundi fyrir fjárreiðum og eignum félagsins. Reikningar félagsins skulu liggja frammi minnst viku fyrir aðalfund til skoðunar fyrir félagsmenn.

Á aðalfundi skulu einnig kosnir tveir skoðunarmenn reikninga en í þeirra stað má kjósa einn lögiltan endurskoðanda.

## **9. grein**

Formaður félagsins eða aðrir stjórnarmenn rita fundi samkvæmt undirrituðum fundarsamþykktum stjórnar. Stjórn félagsins veitir prókúruumboð og allar fjárskuldbindingar félagsins eru háðar samþykki prókúruhafa. Óheimilt er að skuldbinda félagið fyrir persónulegum ábyrgðum einstaklinga. Allir samningar gerðir í nafni íþróttafélagsins Undra skulu áritaðir af formanni eða öðrum stjórnarmanni félagsins.

## **10. grein**

Ef reikningar félagsins eru felldir í atkvæðagreiðslu á aðalfundi skal fundinum slitið strax og boðað til framhaldsaðalfundar innan 4 vikna. Stjórn leggur fyrir framhaldsaðalfund nýja reikninga til samþykktar. Framhaldsaðalfund skal boða á sama hátt og aðalfund og gilda um hann sömu reglur og hefur hann sama vald og um aðalfund væri að ræða.

## **11. grein**

Stjórn tilnefnir fulltrúa félagsins á sambandsþing heildarsamtaka íþróttahreyfingarinnar. Stjórn er heimilt að skipa nefndir til starfa eftir því sem þurfa þykir.

## **12. grein**

Stjórn skiptir öllum tekjum niður á greinar í samræmi við umfang og iðkandafjölda, þ.m.t félagsgjöldum og Lotto.

## **13. grein**

Fulltrúar stjórnar skulu allir sitja alla stjórnarfundi félagsins, sem og aðalfund.

Allir fundir skulu skráðir í fundargerðarbækur.

## **14. grein**

Önnur ákvæði

Íþróttafélagið Undri er aðili að Ungmennasambands Dala og Norður-Breiðfirðinga (UDN) og er féluginu skylt að virða lög þess.

## 15. grein

Til að félagið verði lagt niður þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi og skal þá stjórnin boða til aukaaðalfundar sem verður einnig að samþykkja tillöguna með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Verði félagið lagt niður skal afhenda eiger þess til UDN til varðveislu, en ef hliðstætt félag verður stofnað innan sveitarfélagsins síðar skulu eignir þess afhentar hinu nýja félagi til afnota.

## 16. grein

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Dalabyggð, 24. ágúst 2021

Gudrún B. Blöndal  
Formaður

Síðri Geir Sigurðarson  
Ritari

Bergþilda Þórmadóttir  
Gjaldkóri

Guttmundur Andri Kjartansson  
Vottur 130390-2509

Humar Þorleifsson 060692-2709  
Vottur